

3.fundur Landbúnaðarnefndar Hrunamannahrepps

Þriðji fundur landbúnaðarnefndar var haldinn 13.ágúst 2018 klukkan 20:30.

Nefndarmenn voru allir mættir: Björgvin Ólafsson, Jóhanna Bríet Helgadóttir og Benedikt Kristinn Ólafsson.

Nefndin hefur skipað Jón Bjarnason í Skipholti sem næsta fjallkóng Hrunamannahrepps og sat hann einnig fundinn.

Dagskrá fundarins:

1. Fjallferð
2. Önnur mál

1. Fjallferð

- a. Girðingavinna: Það þarf að fara innúr og yfirfara allar girðingar. Tímasetning verður auglýst síðar.
- b. Sandártungugirðingn: Egill Jóhannsson sér um að yfirfara hana.
- c. Vatnsmál: Verið er að finna lausnir á vatnsmálum í gerðum, sérstaklega í dalnum.
- d. Matarmál: Nokkrir hnökrar á matarmálum.
 - i. Morgunmatur þarf að vera tilbúinn í tækri tíð, áður en fjallmenn fara af stað út í daginn.
 - ii. Fjölbreytt álegg, bæði í fyrra og eftirsafni.
 - iii. Hugmynd að bæta við mjólk með kvöldmatnum og kókómjók/safa í nestispakkann.
- e. Eftirsafn: Hugmynd að breyta eftirsafni á komandi árum. Fækka fjalldögum og bæta við mannskap.
- f. Svefnfriður eftir klukkan 24:00.
- g. Trússarar og fjallkóngur fara úr 1,5 leit í 1 leit. Trússarar fá borgaða olíu.

2. Önnur mál

- a. Skila verður inn óskum um leitir fyrir föstudaginn 24. Ágúst 2018.
- b. Fjallskilafundur verður haldinn 27.ágúst 2018. Bændur og smalar hvattir til að mæta á fundinn.

Fundi slitið klukkan 22:00.